



Frá Haustskólamóti KSS 2018

## „Gerð það með bæn og beiðni...“

### Kæru vinir og styrktaraðilar Skólahreyfingarinnar,

Í starfi mínu sem skólaprestur hef ég fengið að sjá með eigin augum mátt trúarinnar og hvernig fagnaðarerindið og samfélagið við Jesú Krist umbreytir og bjargar lífum. Ég hef fengið að sjá gleðina hjá unga fólkinu þegar það finnur sig í félagsskapnum og upplifir að geta verið það sjálft, skemmt sér vel, notið lífsins og vinasamfélags án þess að vímu gjafar komi þar nærri. Nýlega lýsti þátttakandi í starfinu því sem svo að það væri eins og hann hefði endurheimt æsku sína. Þvílík meðmæli með starfinu!

Það hefur verið uppörvandi að fylgjast með uppgangi í KSS; metnaði stjórnarinnar, nýjum andlitum og batnandi fundarsókn. Svipaða sögu má segja um KSF þar sem stjórninni hefur tekist vel til að vekja stúdenta-félagið úr dvala. En markið er sett hærra en að efla félagsstarfið og auka fundarsóknina. Skólahreyfingin vill að allir þátttakendurnir eflist í trú sinni og

eftirfylgd við Jesú Krist og verði búnir undir það að vinna aðra fyrir Krist með lifandi vitnisburði í orði og verki.

Þess vegna er mikilvægt að Skólahreyfingin vinni að því að vera til staðar í skólum landsins, bæði til kynningar á starfi sínu en ekki síst til bænna og sameiningar kristinna nemenda í hverjum skóla fyrir sig. Á þeim vettvangi eru mörg tækifæri til vitnisburðar og jákvæðra áhrifa.

Skólahreyfingin er lítil hreyfing með stórar hugsjónir. Er það óheppileg samsetning? Það þarf ekki að vera. Gleytum því ekki að sá Guð sem við þjónum er stór og megnar að mæta hverri þörf barna sinna. Bænin um blessun hans og að fá að starfa samkvæmt vilja hans er því forsenda árangurs og velgengni í starfi okkar.


Páll postuli lýsir trúarlífinu sem vopnaðri baráttu gegn ósýnilegum illum öflum (Ef. 6). Ekki skal berjast með vopnum gegn holdi og blóði heldur með andlegum vopnum gegn andlegum öflum. Við eigum að

klæðast m.a. hjálmi hjálpræðisins, grípa skjöld trúarinnar og beita sverði andans, Guðs orði. Páll undirstrikar að þessi barátta fari fram í bæn: „Gerð það með bæn og beiðni og biðjið í hverri tíð í anda“ (Ef. 6.18). Aðeins fyrir bænina eru Páli gefin réttu orðin til að boða leyndardóm fagnaðarerindisins. Áhrifamáttur orðanna byggist á bæn til Guðs og sömu-leiðis veitir hún Páli getu til að flytja erindi sitt með djörfung. Biðjið því með okkur fyrir starfi KSH, kæru vinir. Þó mörg ykkar séuð nú vaxin upp úr félagsstarfi okkar er hlutverk ykkar ekki lítið! Aftast í blaðinu má finna upptalningu á helstu fyrirbæna- og þakkarefnum okkar.

Kærar þakkir fyrir stuðning og fyrirbæn. Megi Guð gefa ykkur gleðileg jól!

Ólafur Jón Magnússon  
skólaprestur KSH





## Frábær UL-ferð að baki

Skólahreyingin stóð fyrir ferð á UngLandsmóte (UL) dagana 24.-29. júlí 2018. Mótið er haldið í útjaðri Stavanger af NLMung, æskulýðs-armi norska kristniboðssambandsins. Mótsgestir voru líklega um 4000 talsins þegar dagsheimsóknir eru meðtaldar. Fararstjóri var Ólafur Jón Magnússon og leiðtogar með honum voru Birkir Ásgeirsson, sem kvikmyndaði ferðina, og Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir, sem túlkaði fyrir hópinn. Með í för voru fimmtán ungmenni, sjö drengir og átta stúlkur sem áttu nær öll sameiginlegt að vera þátttakendur í KSS. Hópurinn var nokkuð ungur þar sem stærstur hluti hans var 16 og 17 ára.

Mótið var frábært í alla staði og ekki skemmdi fyrir að njóta sólskins og 25-30 °C hita alla dagana eftir rigningarsumar á Íslandi. Á hverjum degi voru sóttar tvær stundir þar sem vönduð fræðsla og prédíkun var á boðstólnum. Hljómsveit hússins var skipuð hæfileikafólki í fremstu röð sem leiddi magnaðar lofgjörðar-stundir. Í boði voru margir spennandi

viðburðir og fyrirlestrar en flestir Íslendinganna fóru bæði á brimbretti og í go-kart svo eitthvað sé nefnt. Mikil ánægja var með ferðina og því mun Kristniboðssambandið standa fyrir ferð á UL 2019 næsta sumar.

Kæru lesendur, biðjið fyrir íslenska hópnum, að upplifun þeirra af mótinu mætti verða öðrum ungmennum til uppörvunar og til eflingar kristilegu æskulýðsstarfi á Íslandi.



„Þetta var rosalega vel heppnuð ferð. Ferða-félagarnir voru frábærir. Hópurinn var mjög samheldinn og skemmtilegur. Við hlustuðum á flotta fyrirlesara, sem fluttu efni sem vakti mann til umhugsunar. Mikið var lagt í tónlistina og var hún stór hluti af upplifun mótsins. Dagskráin var fjölbreytt og mjög skemmtileg. Til að nefna sem dæmi þá fór stór hluti hópsins að surfa og í go-kart. Það var æðislegt að fara á svona fjölmennt mót með fjölbreyttu fólki en eiga það

öll sameiginlegt að deila trúnni á Jesú Krist. Þetta var yndisleg upplifun og ég vonast til þess að fara aftur á næsta ári.“ - *Salóme Pálsdóttir, 17 ára.*



„Ég hef tvisvar sinnum farið á UL mót, sumarið 2016 og 2018. Upplifun mín af UL mótinu nú í sumar var alveg frábær. Þessi ferð til Noregs er eitthvað sem ég mun aldrei gleyma. Mótið var sérstaklega skemmtilegt og allt sem með því fylgdi. Hópurinn úr KSS sem fór saman var frábær, allir Norðmennirnir tóku vel á móti okkur og samverustundirnar á morgnana og á kvöldin voru mjög góðar. Ræðumennirnir sem töluðu á stundunum kenndu mér margt fróðlegt og nýtt um trúna, kærleikann og Guð. Einnig var það tónlistin á samverunum sem hafði mikil áhrif á mig því fyrir mér má svo vel tjá trú sína í gegnum tónlist.“ - *Davíð Guðmundsson, 18 ára.*



„KSS hefur hjálpað mér að efla mína trú. Ég hef lært margt af ræðumönnum á KSS-fundum. Skólamótin hafa verið frábær og þar hef ég fundið mikinn frið í hjarta mínu.“

*Jens Elí Gunnarsson, 18 ára.*

## Góð þátttaka í KSS

Í vetur hafa Kristileg skólasamtök fengið marga flotta ræðumenn í heimsókn til sín og verið meira að segja það heppin að hafa fengið gesti frá Úganda sem sögðu okkur frá lífinu þeirra þar. Í september voru haldnir tveir kynningarfundir þar sem mættu næstum 100 manns á hvorn fundinn fyrir sig. Fundarsókn hefur almennt verið góð og hafa að meðaltali mætt um 60 manns á fundi.

Stjórn KSS hefur lagt mikið upp úr því að skipuleggja spennandi viðburði eftir fundi og hefur hópurinn gert margt og mikið, til dæmis farið í Gerplu, Klifurhúsið, Lazer-tag og bíó. Þar að auki má nefna Halloween-partí og gistinótt á Holtaveginum.

Stjórn KSS lét líka búa til háskóla- og hettupeysur í tveimur litum með skammstöfuðu nafni félagsins. Þær voru seldar í netverslun KSS og nutu mikilla vinsælda meðal félagsmanna.

Hautskólamótið var haldið dagana 5.-7. október í Vatnaskógi. Skráðir þátttakendur voru 60 og heppnaðist mótið mjög vel. Yfirskrift mótsins var óhefðbundin og var t á k n i ð : 💧. Ræðumenn töluðu út frá mismunandi sögum og orðum Jesú sem fjalla um vatn: Gjöf lifandi vatns (Jóh. 4), Jesús stillir storminn (t.d. Matt. 8) og „Á bjargi byggð“ (Matt. 7).

*-Salóme Pálsdóttir, ritari KSS*

## KSF í sókn

Fundir Kristilegs stúdentafélags hafa í haust verið haldnir annað hvert fimmtudagskvöld í Kristniboðssalnum. Fyrsti fundur haustsins var 30. ágúst. Þá mættu 20 manns og rætt var um hvaða væntingar félagsmenn bera til félagsins og KSF-fundanna. Fundurinn endaði með vöflukaffi, viðstöddum til mikillar ánægju. Í haust voru sjö aðrir hefðbundnir fundir haldnir. Þar fyrir utan voru tveir fundir haldnir sameiginlega með KSS, galafundur laugardaginn 17. nóvember og skautafundur 8. desember. Sameiginleg jólastund KSS og KSF verður síðan haldin 20. desember þar sem hljómsveit KSS og gestir munu flytja jólatónlist og KSF mun bjóða upp á veitingar.

Í haust hefur KSF komið að skipulagningu bænastunda í kapelli Háskóla Íslands á mánudögum kl. 11:00 og miðvikudögum kl. 12:30. Abigail Snook hefur haft forgöngu um bænastarfið og heldur utan um stundirnar. Þangað eru allir velkomnir, sérstaklega nemendur og kennarar.

Að meðaltali hafa um 20 mætt á fund og verður það að teljast gott miðað við síðustu misseri. KSF er nú í sókn og hlakkar stjórninni til næsta misseris. Þá ber helst að nefna stúdentamótið í Ölveri, 8.-10. febrúar.

*-Matthías Guðmundsson, formaður KSF*





„Í KSS hef ég fengið að styrkja trú mína og lært um trúna, ég hef tekið eftir að ég bið oftast heldur en ég gerði! Svo er gott og gaman að fá að tala við aðra sem hafa líkar en samt mismundandi skoðarnir en þú.“  
*Margrét B W Waage Reynisdóttir, 15 ára.*

## Bænar- og þakkarefni

- Stjórn KSH: Benjamín Ragnar Sveinbjörnsson, Henning Emil Magnússon, Jón Kristinn Lárusson, Gísli Jónson, Bogi Benediktsson, Páll Ágúst Þórarinsson og formenn KSS og KSF.
- Stjórnarkjör á ársþingi. Að Guð kalli fólk til þjónustu í stjórn KSH.
- Ólafur Jón Magnússon skólaprestur. Að Guð noti hann og hjálpi honum í hlutverki sínu.
- Stjórn KSF: Matthías, Þórhildur, Hans, Gunnhildur og Bryndís.
- Stjórn KSS: Benedikt, Ástráður, Salóme, Fannar og Kristinn.
- Fjárhagur skólahreyfingarinnar. Að Guð mætti sjá fyrir þörfum KSH og kalla fleiri til þess að styðja starfið fjárhagslega.
- Stúdentamót KSF 8.-10. febrúar 2019.
- Vorskólamót KSS 17.-20. apríl 2019.
- Þökkum fyrir Haustskólamót KSS 2018.
- Þökkum fyrir velheppnaða UL-ferð 2018 og biðjum fyrir ferðum á UL 2019 og YMCA175.
- Að lokum: Að starf Skólahreyfingarinnar mætti eflast og vera áfram vettvangur þar sem ungt fólk mætir Jesú Kristi sem frelsara sínum og Drottni.

*„Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir ykkar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð“ (Fil. 4.6)*

## 40 ára afmælishátíð KSH

Sunnudaginn 27. janúar 2019 langar stjórn KSH að bjóða þér til veislu í tilefni þess að 40 ár verða liðin frá stofnun Skólahreyfingarinnar. Afmælisveislan verður haldin kl. 14:00 í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28, 104 Reykjavík.

Allir þátttakendur í starfi KSH, KSS og KSF fyrr og nú eru sérstaklega boðnir velkomnir ásamt öllum áhugasömum um starf okkar. Boðið verður upp á kaffiveitingar og gosdrykki.

Um kvöldið verður Skólahreyfingin síðan í lykilhlotverki í Tómasarmessu í Breiðholtskirkju kl. 20. En þar mun sr. Ólafur Jón Magnússon skólaprestur prédika og með honum munu þjóna fyrrum starfsmenn KSH. Lestrar verða í höndum KSF-inga og hljómsveit KSS leikur undir.



## Leggðu okkur lið!

Skólahreyfingin er rekin fyrir gjafafé og styrki og treystir á stuðning þinn. Má bjóða þér að gefa okkur gjöf í dag? Þú getur skráð þig í gjafakerfið á [ksh.is/gefa](http://ksh.is/gefa) eða hringt í skólaprest í s. 616 6152. Einnig getur þú millifært beint á reikninginn okkar:

**Reikningur KSH: 0117-26-119105**  
**Kennitala: 510479-0259**

Kærar þakkir fyrir stuðninginn og Guð blessi ykkur!

## Viltu frekar fá Tengil í tölvupósti?

Ef þú kýst frekar að fá fréttabréfið okkar í tölvupósti þá myndum við og náttúran vera þér þakklát! Láttu okkur vita með því að senda línu á [ksh@ksh.is](mailto:ksh@ksh.is) með upplýsingum um netfangið sem þú notar í dag. Að öðrum kosti færðu Tengil áfram sendan í bréfpósti.

## Ekki missa af:

**20. desember 2018** Jólastund KSS og KSF að Holtavegi 28 kl. 20:00.

**23. desember 2018** Þorláksmessustund í Friðrikskapellu kl. 23:30.

**27. janúar 2019** 40 ára afmælisveisla KSH kl. 13:00 að Holtavegi 28.

**27. janúar 2019** Tómasarmessa kl. 20:00 í Breiðholtskirkju. Messan er í höndum Skólahreyfingarinnar og hljómsveit KSS leikur undir.

**6. apríl 2019** Ársþing KSH og aðalfundur KSS og KSF að Holtavegi 28.

Fjáröflun 2018

6,6 millj. kr.

6 millj. kr.

5 millj. kr.

4 millj. kr.

3 millj. kr.

2 millj. kr.

1 millj. kr.